

Alþingi
Erindi nr. P 128/462

komudagur 4.12.2002

Reykjavík 3. des. 2002
BG/sk



IÐNSKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

SKÓLAVÖRÐUHOLT
101 REYKJAVÍK
SÍMI 522 6500
FAX 522 6501
ir@ir.is
www.ir.is

Efni varðar:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1006, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002 - 2003.

354. mál, tölvunarfræðingar o.fl.

Í greinargerð við frumvarpið stendur „Iðnskólinn í Reykjavík útskrifar tölvutækna eftir þriggja ára nám. Ekki munu margir slíkir hafa útskrifast“

Með vísan til bréfs dags. 12.09. 2002 til Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um þetta mál ítreka ég að þessi fullyrðing er hæpin enda hafa þegar verið útskrifaðir yfir 200 nemendur.

Efnislegar athugasemdir við þau starfsheiti sem talin eru upp í frumvarpinu geri ég ekki en ítreka þau rök um löggildingu heitisins tölvutæknir, sem koma fram í framangreindu bréfi sem fylgir hér með í ljósríti

Virðingarfyllst,

Baldur Gíslason, skólameistari

Meðfylgjandi ljósrít af bréfi til Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins dags. 12.09. 2002, undirritað af Baldri Gíslasyni, skólameistara Iðnskólans í Reykjavík.

12.09.2002
BG/sgk



Iðnaðar og viðskiptaráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík

b/t Jóns Ögmundar Þormóðssonar

SKÓLAVÖRÐUHOLTÍ

101 REYKJAVÍK

SÍMI 522 6500

FAX 522 6501

ir@ir.is

www.ir.is

Efni: Varðandi breytingar á lögum um löggildingu nokkurra starfsheita.

1. Iðnskólinn í Reykjavík gerir ekki athugasemd við fram komnar hugmyndir um löggildingu starfsheitisins „tölvunarfræðingur“ eða „lýsingarhönnuður.“
2. Iðnskólinn í Reykjavík tekur undir þær hugleiðingar um „kerfisfræðinga“ sem fram komu í greinargerðinni. Nám þeirra sem kalla sig kerfisfræðinga er afar margbreytilegt, illa skilgreint og óstaðlað og því vandséð hvernig hægt væri að löggilda slíkt starfsheiti.
3. Iðnskólinn í Reykjavík hefur síðan 1988 starfrækt tölvubraut. Um er að ræða þriggja ára braut með alls 115 einingum þar af u.þ.b. 60 einingum í fagnámi tölvugreina. Að meðaltali hafa útskrifast um 20 nemendur á ári og útskrifaðir nemendur eru nú orðnir yfir 200.
Fullyrðing í greinargerðinni um að fáir nemendur hafi útskrifast af tölvubraut Iðnskólans í Reykjavík er því röng. Nám á tölvubraut Iðnskólans í Reykjavík er í raun eina heilstæða námið í tölvugreinum á framhaldsskólastigi hér á landi. Námið er starfsnám án þess að hafa löggilt starfsheiti, viðurkennt af menntamálaráðuneytinu og staðfest í aðalnámskrá
Eitt af þeim heitum sem notuð hafa verið um nemendur útskrifaða af tölvubrautinni er tölvutæknir. Orðið tölvutæknir hentar í raun vel og er nokkuð lýsandi fyrir námið á brautinni þar sem tæknin og vélbúnaður er töluverður hluti námsins. Einnig eru skilaboð í orðinu um það að um annað skólastig sé að ræða heldur en hjá þeim sem kallaðir eru fræðingar.

Iðnskólinn í Reykjavík leggur því til að við breytingar á lögum Nr. 8/1996 verði bætt við einum lið, tölvutæknir, sem þeir sem lokið hafa 3 ára viðurkenndu námi í tölvugreinum á framhaldsskólastig mega nota.

Virðingarfyllt,


Baldur Gíslason, skólameistari